



## Móttökuáætlun fjöltyngdra barna og fjölskyldna

### Fyrstu kynni:

- Símtal átt við fjölskylduna og komist að því hvort þörf sé fyrir túlk á fyrsta fundi
- Túlkur er pantaður ef þörf er á og hægt er að nálgast túlkþjónustu hjá Alþjóðasetri
- Samtal átt við fjölskyldu þar sem farið er yfir menningu skólans og landsins ásamt því að afla upplýsinga um menningu fjölskyldunnar.
  - sérstaklega er lagt upp úr að komast að því hvort að um sérþarfir er að ræða,
- Reynt er að forðast að misskilningur komi upp og þarf að gera ráð fyrir lengri tíma í þessi samtöl.
- Fjölskyldunni er sýnd og boðið upp á samskiptabók milli heimilis og skóla.
- Hafa þarf í huga að fjölskyldur bregðast mismunandi við og að leikskólamenning er mjög ólík á milli landa.
  - Mikilvægt er að yfirfara fundinn vel í lokinn til þess að tryggja að foreldrar hafi í raun og veru meðtekið það sem fram fór.

### Í daglegu starfi:

- Hópakennari þarf að setja sig inn í þarfir og stöðu barnsins.
- Gott er að læra nokkur orð á móðurmáli barnsins.
- Tákn með tali reynist einstaklega vel í þessum tilfellum og aðstoða börn til tjáningar löngu áður en þau ná tökum á tungumálinu.
- Kennarar á kjarnanum þurfa að leggja sig fram um að barnið hverfi ekki í skugga annarra barna. Lesa í hvenær barnið þarf að nota salerni, er þyrst, svo dæmi séu tekin, grunnþörfum sinnt
- Aðstoða barnið við samskipti við íslenska jafnaldra.
- Tala hægt og rólega, endurtaka það sem sagt er
- „Hlusta með augunum og eyrunum” - lesa í líkamstjáningu og svipbrigði
- Vera örugg höfn fyrir barnið, stutt skilaboð og fyrirmæli með bendingum (eins og sagt er að ofan, TMT)

Mikilvægt er að kennarar geri sér grein fyrir því að börn af erlendum uppruna eru undir ákveðnu álagi í skólanum liðlangan daginn. Því skiptir geðtengslamyndun einstaklega miklu máli ásamt góðum samskiptum við foreldra.

Eðlileg viðbrögð barna sem eru órugg eða eiga erfitt með tjáningu í daglegu áreiti leikskólastarfs;

- draga sig í hlé
- grátur
- bit
- óöryggi (afleiðingar sjá fyrir ofan)
- trúðslæti
- leita mikið til kennara
- forðast kennara
- Hvatvísi



- árásgirni
- Kjörþögli (ekki þó læknisfræðilegt ástand)

Ef barn leitar í árásgirni eða ofbeldishegðum er mikilvægt að hlúð sé vel að barninu og því sýnt að það sé á öruggum stað. Gott er að barnið fái rými eða svæði sem það getur fengið að jafna sig á eða draga sig í hlé á.

### **Samskipti við foreldra/fjölskyldu**

- gott er að hafa tengilið fjölskyldunnar innanhús.
- tölvupóstar eru oft hundsáðir af erlendum fjölskyldum og því þarf að finna heppilegustu samskiptaleiðina fyrir þessa tilteknu fjölskyldu.
  - á vef Reykjavíkurborgar er einstaklega gott safn upplýsinga fyrir fjölskyldur af erlendum uppruna. ([Miðja máls og læsis](#))
- mikilvægt er að tryggja að erlendir foreldrar fái sérstaklega upplýsingar um viðburði eins og samskiptadag og að þeim sé þá boðið upp á túlk sé þörf fyrir því. Hópstjóri ber ábyrgð á að halda sínum foreldrum upplýstum og öruggum í öllu starfi.
- mikilvægt er að skólastjóri sé vel inni í málum fjölmeningarfjölskyldna þar sem oft reynir mikið á að hann aðstoði kennara.
  - Ástæða þess er að oft koma foreldrar frá löndum þar sem menning er fyrir því að einn kennari sé með stórann hóp barna og beri ábyrgð á kennslu á meðan hinir starfsmennirnir sjá um að sópa, þvo, mata og fara eftir fyrir mælum þessa eina kennara.